

## REGLUGERÐ

### um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Allar veiðar á kröbbum í gildrur í innanverðum Faxaflóa á svæði sem afmarkað er skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um veiðar á kröbbum í fiskveiðilandhelgi Íslands, utan framangreinds svæðis í innanverðum Faxaflóa gildir reglugerð nr. 611/ 2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum.

Undir þessa reglugerð falla allar krabbategundir, svo sem trjónukrabbi, grjótkrabbi og gaddakrabbi.

#### 2. gr.

##### *Krabbaveiðileyfi.*

Leyfi til krabbaveiða í gildrur skulu gefin út 1. september og skulu þau gilda fyrir þrjú fiskveiði-ár, en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

Aðeins þeir bátar, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á leyfi til krabbaveiða í gildrur.

Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. skýrsluskilum um veiðarnar, hámarksstærð báta, stærð og gerð veiðarfærir, veiðítímabil o.s.frv.

Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknunum um leyfi til krabbaveiða fyrir 1. ágúst þegar úthluta skal leyfum. Þegar krabbaveiðileyfum sem til ráðstöfunar eru hefur ekki verið úthlutað við upphaf fiskveiðiárs skal afstaða tekin til umsókna eftir því sem þær berast Fiskistofu.

Við afgreiðslu umsókna og við úthlutun leyfa hafa þau skip forgang sem áður hafa stundað veiðar á kröbbum og skal byggt á því á hvaða svæði og í hve langan tíma krabbaveiðar hafa verið stundaðar. Auk þessa, í þeim tilvikum sem þess er þörf, skal litið til aflamagns. Að öðru leyti skal hlutkesti skera úr um rétt umsækjenda til leyfis til krabbaveiða.

Í umsókn skal meðal annars koma fram hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

Leyfi til veiða á kröbbum er óheimilt að framselja. Forgangsrétt samkvæmt 5. mgr. er heimilt að flytja á milli skipa skipti útgerðaraðili um skip.

Krókaaflamarksbátum sem fá leyfi til veiða á kröbbum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða krabba með gildrum, sbr. 7. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 3. gr.

##### *Veiðisvæði og fjöldi leyfa.*

Leyfi til veiða eru bundin við svæði innan línu sem dregin er milli Straumsvíkur ( $64^{\circ}02,80'N$   $22^{\circ}03,00'V$ ) og Skógarness ( $64^{\circ}46,00'N$   $22^{\circ}38,50'V$ ). Einungis skal gefa út þrjú veiðileyfi á svæðinu. Hámarksfjöldi gildra fyrir hvert skip eru 500 gildrur í sjó.

#### 4. gr.

##### *Veiðarfæri, vitjun og merking lagna.*

Óheimilt er að nota önnur veiðarfæri við krabbaveiðar en þar til gerðar gildrur sem uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari.

Allar nýjar gildrur skulu vera þannig útbúnar að þær opnist innan árs hafi þær glatast í sjó.

Gildra skal vitja eigi síðar en 10 sólarhringum eftir að þær eru lagðar í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamrar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja gildra og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggi gildrur viðkomandi skips lengur en 20 sólarhringa án þess að hafa verið vitjað.

Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrur, niðurstöður, gildrubaujur, gildrubelgir og baujuflögg skulu, með

varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

Leggi skip gildrur sínar á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skyldt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi og radarspegli.

Óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð en gildrur meðan á krabbaveiðum stendur eða meðan gildrur eru lagðar eða þeirra vitjað.

#### 5. gr.

##### *Veiðiskylda.*

Skip skal að minnsta kosti landa fjórum tonnum af krabba sem veiddur er á veiðisvæðinu á hverju fiskveiðíári. Nái skip ekki að landa því magni missir skip leyfi til veiða á kröbbum samkvæmt reglugerðinni og nýtur ekki lengur forgangs fram yfir önnur skip við næstu úthlutun.

Fiskistofa skal auglýsa og úthluta leyfum sem losna skv. 1. mgr. og skal fara um úthlutun leyfanna skv. 2. gr.

Fái skip leyfi til krabbaveiða eftir 1. september á fiskveiðíári, skal löndunarskylda minnka hlutfallslega miðað við þann tíma sem eftir er af fiskveiðíarinu.

#### 6. gr.

##### *Veiðibann.*

Ekki er heimilt að koma með að landi karlkyns trjónukrabba sem eru undir 60 mm skjaldarbreidd, karlkyns grjótkrabba undir 100 mm skjaldarbreidd eða karlkyns gaddakrabba undir 90 mm skjaldarbreidd.

Ekki er heimilt að koma með að landi lifandi kvenkynskrabba af öllum tegundum (sjá skýringarmyndir í fylgiskjali).

Allar veiðar með gildrum eða gildrulagnir eru bannaðar á skilgreindum humarsvæðum, sbr. reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar með síðari breytingum.

#### 7. gr.

##### *Afladagbækur.*

Auk skila á afladagbókum samkvæmt reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur skal skipstjóri senda Hafrannsóknastofnuninni vikulega, á mánudegi, upplýsingar um afla og veiðisvæði undanfarandi viku á því formi sem Hafrannsóknastofnun ákveður, óski stofnunin eftir slíku.

#### 8. gr.

##### *Vigtun og skráning.*

Við vigtun gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

#### 9. gr.

##### *Refsingar og viðurlög.*

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til krabbaveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða þessara tegunda.

Brot varða viðurlögum samkvæmt 15.-17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

#### 10. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 843/2014, um veiðar á kröbbum í Faxaflóa.

Nr. 1070

18. nóvember 2015

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fiskistofa skal fella úr gildi leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar og úthluta leyfum til veiða á kröbbum í innanverðum Faxaflóa til sömu aðila sem þá gilda til 1. september 2018.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. nóvember 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

---

*Erna Jónsdóttir.*

Nr. 1070


18. nóvember 2015

Fylgiskjal.

**Bogkrabbi | European green crab | *Carcinus maenas***



Karldýr | Male



Kvendýr | Female

© Óskar Sindri Gíslason 2011

**Grjótkrabbi | Atlantic rock crab | *Cancer irroratus***



Karldýr | Male



Kvendýr | Female

© Óskar Sindri Gíslason 2011